



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Arnarfjörður á miðöldum

Framvinduskýrsla 2015



Margrét Hallmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir
Sólrún Inga Traustadóttir

Janúar 2016
Nv nr. 02-16

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Arnarfjörður á miðöldum	4
Yfirlit um rannsóknir Arnarfjarðar á miðöldum	5
Uppgröftur aðferðafræði	5
Uppgröftur 2015	6
Svæði H	6
Svæði G	8
Hrafseyri - Túlkun niðurstaðna	10
Rannsóknir á Auðkúlu	11
Auðkúla	12
Prufuskurður 1	13
Jarðlög prufuskurði 1	13
Prufuskurður 2	13
Jarðlög í prufuskurði 2	13
Samantekt	14
Auðkúla	15
Svæði B	15
Samantekt	15
Flæðirit (Harris Matrix)	27
Auðkúla	18
Auðkúla - Túlkun niðurstaðna	21
Arnarfjörður á miðöldum – framhald rannsókna	21
Heimildaskrá	22

Inngangur

Árið 2011 hófst rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum og hafa rannsóknir staðið yfir í Arnarfirði hvert sumar síðan.

Rannsóknin sumarið 2015 hófst 29. júní og stóð yfir í fjórar vikur, árið 2014 var gerð fjarkönnunarrannsókn af breskum fornleifafræðingum sem komu til landsins með viðnámsmæli og segulmæli og gerðu rannsóknir í túninu á Hrafnseyri. Báðir mælarnir gáfu góða raun og sýndu frávik undir yfirborði. Markmið rannsóknar sumarsins 2015 var að skoða hvort minjar væru undir sverði þar sem frávik komu fram við mælingarnar. Rannsókn sumarsins miðaði að skoðun á þessum svæðum auk þess að kanna eðli og umfang minja á Auðkúlu.

Rannsóknin er unnin af fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri en Dr. Guðmundur Hálfánarson prófessor gengir því embætti í Háskóla Íslands. Rannsóknin hlaut styrk frá Fornminjasjóði og frá Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar í Háskóla Íslands. Auk þess fékk rannsóknin styrk til miðlunar á rannsóknarniðurstöðum frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var haldin ráðstefna um fornleifarannsóknir á vestfjörðum á Hrafnseyri sumarið 2015. Vorið 2016 er fyrirhugað að opna sýningu á Hrafnseyri um rannsóknina.

Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur stjórnaði rannsókninni en auk þess störfuðu við hana fornleifafræðingarnir Guðrún Jóna Þráinsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir.

Við viljum þakka staðarhöldurum á Hrafnseyri þeim Valdimar Halldórssyni og Ólöfu Oddsdóttur og hjónunum á Auðkúlu þeim Hreini Þórðarsyni og Hildigunni Guðmundsdóttur fyrir velvilja og aðstoð við rannsóknina. Dr. Guðmundur Hafdánarson prófessor fær bestur þakkir fyrir stuðning og velvild.


Arnarfjörður á miðöldum

Náttúrustofa Vestfjarða stendur fyrir verkefninu *Arnarfjörður á miðöldum*.

Markmið rannsóknarinnar eru fyrst og fremst að skoða heilstætt upphaf og þróun byggðar með ýmsum aðferðum og að kanna líf og lífshætti í Arnarfirði á miðöldum. Notaðar eru mjög fjölbreyttar aðferðir við rannsóknina eins og fornleifaskráning, uppgröftur, fjarkannanir og borkjarnarannsóknir .

Helstu markmið rannsóknarinnar Arnarfjörður á miðöldum er að:

- Skrá fornleifar og rannsaka frekar valdar minjar um elstu byggð í Arnarfirði
- Gera fornleifarannsókn á völdum stöðum í Arnarfirði
- Gera fjarkönnunarrannsóknir á nokkrum jörðum
- Fá heildstætt svæðisbundið yfirlit yfir upphaf og þróun byggðar
- Skoða hvort framleiðsla á járni hafi farið fram í firðinum á miðöldum
- Miðla rannsóknarniðurstöðum til ferðamanna og almennings



Kort 1. Kortið sýnir staðsetningu bæjanna í Arnarfirði. Kort HBA.

Yfirlit um rannsóknir Arnarfjarðar á miðöldum

Rannsóknin hófst árið 2011 með gerð könnunarskurða á Hrafnseyri sem leiddu í ljós að mannvistarleifar var að finna í túninu austan við rústir miðaldakirkjugarðs á Hrafnseyri. Markmið fyrsta hluta rannsóknarinnar var að finna hvar miðaldabyggðin á Hrafnseyri var. Árið 2012 hófst uppgröftur og var þá staðfest að mannvistarlög sem komu í ljós við könnunarrannsókn árið 2011 voru frá landnámsöld. Á Hrafnseyri fannst jarðhýsi frá 10. öld ásamt eldstæðum og holum sem að öllum líkindum eru eldunarholur. Árið 2013 hélt uppgröftur áfram og allt jarðhýsið var grafið upp. Í ljós kom kolagröf við hlið jarðhýsisins sem er eldri en húsið og ljóst að áður en byggð hófst fór fram kolagerð á Hrafnseyri og líkur til að járnvinnsla hafi farið þar fram líka. Jarðhýsi voru í notkun frá upphafi landnáms fram undir árið 1000 þegar notkun þeirra var skyndilega hætt. Jarðhýsi eru oftast staðsett nærri skála og því ekki ólíklegt að skáli sé í nágrenninu. Árið 2013 voru grafnir könnunarskurðir á bænum Auðkúlu sem er næsti bær vestur af Hrafnseyri. Ábúandi á Auðkúlu hafði bent fornleifafræðingum á að í landi hans, töluvert frá bænum, væru ógreinilegar rústir. Könnunarskurðir voru gerðir í rústirnar og leiddu í ljós skála og svæði þar sem járn hefur verið unnið ofan við skálann. Á svæðinu sjást jafnframt fleiri rústir á yfirborði. Þær rústir auk skálans virðast vera jarðhýsi og hugsanlega fjós eða útihús af einhverju tagi. Hluti af garði er sjáanlegur milli skála og járnvinnslusvæðis.

Árið 2014 fóru fram fjarkönnunarrannsóknir á Hrafnseyri. Hópur breskra fornleifafræðinga kom með jarðsegulmæla og viðnámsmæla til rannsókna á túninu á Hrafnseyri. Niðurstöður sýndu breytingar í jarðvegi sem bentu til fornleifa undir sverði sem rannsakaðar voru árið 2015.

Uppgröftur aðferðafræði

Við uppgröftinn er stuðst við svokallað single-context einingakerfi. Hvert jarðlag er grafið sérstaklega, því lýst og það ljósmyndað og teiknað. Sýni voru tekin á svæði B á Auðkúlu, jarðvegs-, gjall- og kolasýni. Jarðlög voru öll grafin með handafli og sigtuð að hluta. Númerakerfi jarðlaga/eininga er þannig háttað:

Hrafnseyri

- svæði H: [300] –
- svæði G: [600] –

Auðkúla

- svæði A: [100] -
- svæði B: [200] -
- svæði C: [300] -

Ljósmyndaskrár og listar eru geymdir í Exel/Access gagnagrunnum. Stafrænum gögnum, ljósmyndum og öðrum uppgraftargögnum verður skilað inn til Minjastofnunar að rannsókn lokinni. Gripir verða forvarðir af forvörðum á Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt samningi þar um. Í skýrslunni er jarðlögum lýst sem teljast að mestu eða fullu rannsökuð en jarðlög sem bíða túlkunar næsta árs eru skilin eftir til umfjöllunar í lokaskýrslu. Gengið er frá gripum samkvæmt leiðbeiningum um meðhöndlun gripa frá Þjóðminjasafni Íslands. Allir gripir eru skráðir inn í gagnagrunnin Sarp sem rekinn er af Þjóðminjasafni Íslands.

Uppgröftur 2015

Uppgreftir á Hrafnseyri og Auðkúlu hófust 29. júní og stóðu yfir til 27. júlí. Rannsóknin hófst á Hrafnseyri. Tilgangur rannsókna í ár var að kanna svæði þar sem fjarkönnun árið 2014 hafði leitt í ljós frávik á ákveðnu svæði. Svæðin sem rannsökuð voru eru tvö. Annað svæðið er staðsett austur af núverandi kirkjugarði en hitt á milli gamla kirkjugarðsins og hins nýja. Svæðin fengu bókstafina H og G.


Svæði H

Svæði H var 3 x 4 m að stærð. Þar komu í ljós tvær kolagrafir. Önnur kolagröfin var nær öll innan uppgraftarsvæðis og var staðsett í norð-vestur horni. Líklegt er að útjaðar á annarri kolagröf sé í suð-austur horni svæðisins. Þegar torf hafði verið stungið af svæðinu kom í ljós yfirborðslag [301] sem var að mestu rætur grassins sem stungið hafði verið af og var mjög ormétið með



Mynd 1. Myndin sýnir svæðin sem grafin voru 2015. Skjáskot af kortavefsjá Minjastofnunar. Loftmynd Loftmyndir EHF.


kolasmíti/koladreif. Næsta lag [302] var kolsvart kolalag sem lá yfir öllu svæðinu. Lagið benti til að þarna hefði farið fram kola eða járnvinnsla nálægt en samskonar lag var undir grasrót á öllum svæðum sem hafa verið rannsökuð á Hrafnseyri. Fljótlega kom í ljós skurður (cut) [303] sem reyndist vera hringlaga kolagröf með ávala kanta og 180 sentímetrar í þvermál, 70 cm þar sem hún var dýpst í miðju. Fylling grafarinnar var eftirfarandi: Efst var torflag [305] og undir því var grjótfylling [306] sem notuð hafði verið til að fylla gröfina. Grjótið var allt frá því að vera hnefastórt upp í 50x30 cm grjót. Undir grjótinu var kolalag [306], kolasalli sem hefur orðið eftir í gröfinni og því næst torflag [307] og undir því annað kolalag [309]. Til hliðanna var lag [308] sem var rauðleitt, hart og mjög malarkennt líklega er um að ræða mold sem hefur umbreykst við hitann í kolagröfinni. Neðst var svo óhreyft malarlag [309].



Teikning 1. Snið af NA hlið kolagrafarinnar.

Svo viðist sem kolagröfin hafi verið notuð a.m.k tvisvar sinnum. Eftir fyrstu notkun hefur verið sett torf í botninn og gert til kola aftur. Mikið af smáum kolum fundust í kolagröfinni ólíkt kolagröfinni sem grafin var árið 2013 en þá var mikið magn af stórum kolum í botni þeirrar kolagrafar. Allt í kringum kolagröfina var svart lag [302] sem myndast hefur á yfirborði við hlið grafarinnar þar sem kolagerðamenn hafa verið að athafna sig. Eftir að kolagerðinni lauk hefur kolagröfin verið fyllt með grjóti [312] og

innan um grjótið var járngjall sem gæti bent til þess að járnvinnsla hafi líka farið fram á Hrafnseyri. Efst var svo lagt þykkt torflag [306] sem skar sig frá svarta laginu [302] allt umhverfis kolagröfina. Tekinn var skurður út frá suð-vestur horni svæðis H og var hann 6 m á lengd og 1 m á breidd. Ekki komu í ljós nein merki um mannvist í þeim skurði önnur en vindbornar kolaagnir frá svæði H. Í suð-austur horni svæðis H er svo líklega önnur kolagröf [311] en aðeins lítill hluti hennar kom í ljós og ekki vannst tími til að stækka svæðið lengra út að þessu sinni. Sú kolagröf bíður því frekari rannsókna síðar.



Teikning 1. Plan af kolagröfunum .


Svæði G

Könnunarskurður var tekinn í rúst sem hafði sýnt mikla járnsvörun við fjarkönnunarrannsókn árið 2014. Skurðurinn var 1 m á breidd og 4 m á lengd. Fljótlega kom í ljós að ekki var um að ræða rúst heldur gamla þró sem fyllt hefur verið af rusli, gömlu veggjaefni úr húsi sem á hafði verið steinsteypt hænsnanet. Við frekari athugun hjá bóndanum á næsta bæ kom í ljós að þarna hafði verið þró áður. Járnsvörun sem mælitækin höfðu mælt voru því járnrusl frá því um miðja 20. öld. Skurðinum var lokað. Ákveðið var að gera annan skurð þar nærri þar sem viðnámmælir hafði einnig greint frávik. Var opnaður skurður sem var 1 m á breidd og 3.5 m á lengd og var í austur vestur.


Efsta lagið undir grassverði [601] var þunnt yfirborðslag, aðallega grasrætur. Þar fyrir neðan var lag sem innihélt mikið af kola og beinarusli [602] og yfir miðjum skurðinum

var mikið af torflinsum í laginu. Þetta ruslslag er gamalt því ekki var neitt um gripi í því eins og finnst í yngri ruslalögum á svæðinu. Undir þessu lagi var annað lag [603] sem var líka ruslslag en var grófara og meira malarkenndara. Í þessu lagi var meira af óbrenndum beinum og var þetta lag áberandi í báðum endum skuðsins og var til hliðar við vegg sem kom í ljós í skurðinum. Veggurinn [604] var úr torfi og var fyrir miðjum skurði. Undir torfinu var grjóthleðsla [605] sem veggurinn hefur verið hlaðinn ofan á. Undir veggnum og ruslalaginu var óhreyft rauðleitt malarlag [606]. Það sást sem ljós frávik

á



Teikning 2. Snið af suðurhlið skuðsins. Torfveggir eru brúnir.



Teikning 3. Plan teikning af skurðinum annarsvegar torfvegg og hinsvegar hleðslu undir torfvegg.

viðnámsmælingum og virtist því vera eitthvað mannvirki. Athyglisvert er að mannvirkið liggur meðfram kirkjugarðsveggnum en á þeim stað er dæld sem kölluð er undirgangur og segir sagan að þar hafi verið göng úr skála. Í bók Böðvars Bjarnasonar um Hrafnseyri segir „ Fyrir utan Péturshlutann er lægð nokkur í túnið . Nær hún frá bökkunum og upp undir útsuðurhornið á kirkjugarðinum. Áður náði hún uppundir bæjarhlaðið en þegar gamli kirkjugarðurinn sem var úr torfi , var feldur árið 1905, fyllti hann efri hluta lágirnar. Lægð þessi heitir Undirgangur. Sagt er að undir þessari lægð hafi fyrrum verið jarðgöng úr

bænum og fram úr bökkunum. Ásgeir Jónsson, sem lengi bjó á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar sagði, að þegar hann kom á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar hafi undirgangsupið inn í bakkann verið 2-3 faðmar. En um síðustu aldamót var ekki opið nema rúm alin. Glögglega sást þá fyrir steinhleðslu í opinu. Nú er það alveg sigið saman.”¹

Ekki verður fullyrt að svo stöddu að þetta sé umræddur undirgangur. En ljóst er að þarna er mannvirki sem byggt er úr torfi og ofan á það hefur safnast nokkuð þykk ruslalög sem virðast gömul. Mannvirkið er nokkuð dýpra en önnur sem fundist hafa rétt undir yfirborði á Hrafnseyri. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að komast að hlutverki og umfangi þessa mannvirkis.

Hrafnseyri - Túlkun niðurstaðna

Rannsóknin á Hrafnseyri fór fram á þremur stöðum. Fyrir árið 2015 lá fyrir að kanna svæði þar sem frávik höfðu komið fram við fjarkönnunarmælingar árið áður. Kanna átti rúst sem sýndi sterk merki um járn og talið var að gæti verið smiðja eða járnvinnslusvæði. Í ljós kom að þetta var gömul þró sem fyllt hafði verið að járnrusli fyrir um 50 árum. Þó ekki væri um fornleifar að ræða var ljóst að bæði viðnámsmælir og segulmælir greindu sterklega merki um járneð sem er jákvætt.

Skurður var gerður við norð-vestur horn gamla kirkjugarðsins (svæði G) þar sem frávik höfðu komið fram í mælingum og munnmæli og örnefni herma að undirgangur sá er getið er í Hrafnssögu sé.

Við rannsóknina 2015 kom í ljós að þarna er bygging enda komu fram tveir veggir í skurðinum. Athyglisvert er að þessi bygging er talsvert neðar en aðra minjar sem rannsakaðar hafa verið frá sama tíma. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar til að skoða hvernig bygging þetta er og þá hugsanlega hvort að um undirgöng er að ræða en miðað við það sem kom fram í skurðinum er það alls ekki ólíklegt. Undirgöng fundust í skálanum á Keldum í Rangárvallarsýslu² sem eru talin frá svipuðum tíma og göng þau sem greint er frá að synir Hrafn Sveinbjarnarsonar hafi flúið í gegnum. Athyglisvert er því að fá staðfestingu á eðli þessarar byggingar og hvort um sé að ræða göng þau sem getið er í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar.


¹ Böðvar Bjarnason 1961:16.

² Þór Hjaltalín 1999:19

Rannsókn fór jafnframt fram á svæði sem nefnt var svæði H. Þar kom í ljós kolagröf sem var grafin upp og önnur kolagröf er við jarðar þess svæðis sem opnað var. Gjall sem fannst í kolagröfinni auk kolagrafarinnar sem fannst árið 2013 benda til þess að á landnámsöld hafi farið fram kolavinnsla og járngerð á Hrafnseyri rétt eins og á Auðkúlu. Frávik sem könnuð voru 2015 og reyndust vera kolagrafirnar eru einnig á mun stærra svæði og því líklegt að fleiri kolagrafir séu í túninu á Hrafnseyri.

Rannsóknir á Auðkúlu

Rannsóknir fóru fram á Auðkúlu dagana 14. - 25. júlí og fór fram uppgröftur á þremur svæðum: A, B og C.




Mynd 2. Svæðin sem rannsökuð voru sumarið 2015 og eru merkt með rauðu og bókstöfum. Skjáskot af kortasjá Minjastofnunar. Kort. Loftmyndir EHF

Auðkúla

Svæði A

Svæði A á Auðkúlu er óljós tóft sem áætlað var að gæti verið skáli út frá lögun á loftmyndum og yfirborði (mynd 2). Tóftin er skammt vestan við skógræktarreit³ sem er um 300 m vestur af núverandi bæjarstæði vestan Kúluár⁴. Minjar þar eru í hættu vegna trjágróðurs sem hefur sáð sér út fyrir skógræktina meðal annars í tóftina (mynd 2). Því er talið mikilvægt að rannsaka svæðið áður en það hverfur í trjágróður.



Mynd 3. Innmældar minjar á Auðkúlu 2013. Svæði A er mjög óljós tóft efst til hægri.

Mynd 4. Horft í NA yfir meinta tóft, prufuskurðir fyrir miðri mynd, að skógræktarreit og sjá má hvernig trjágróður hefur sáð sér í tóftina.

Meint skálartóft liggur nokkurn veginn í norður suður um 17 x 3 m að stærð og hallar til suðurs. Samhliða vestari langhlið er V laga skurður, hugsanlega frárennslisskurður, sem er frá því að vera um 1.60 m á breidd efst þar sem hann er breiðastur og dýpstur um 1 m á dýpt en minnkar og grynnkar eftir því sem neðar dregur og er að öllu horfin um 5 m neðan við suðurenda tóftarinnar.

Teknir voru tveir prufuskurðir í suðurhluta tóftarinnar. Skurður 1 var tekinn inn í tóftinni 1,5 m frá vestari langhlið 1x1 m að stærð og skurður 2 var 1 x 2,5 m að stærð tekinn vestur af honum þvert yfir vestari langhliðina inn í sambyggt óljóst mannvirki sem er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli og er opið til suðurs.

³ Skógræktarreiturn er u.þ.b. 160 x 115 m að stærð.

⁴ Kúluá er nefnd Húsadalsá í örnefnalýsingu.

Prufuskurður 1

Jarðlög prufuskurði 1

[100] Yfirborð gras, lyng og mosi.

[101] Dökkbrúnt þétt lífrænt lag í því fannst gjallmoli og kolasmit á tveimur stöðum.

[102] Rauðbrúnt malarkennt moldarlag.

[103] Óhreyft. Grábrúnt sendið malarlag með stærri steinum (ca. 5x5 sm).

Prufuskurður 1 var tekin inn í tóftinni um 1,5 m frá vestari langhlið 1x1 m að stærð. Efst var lyng og mosi [100]. Undir því var dökkbrúnt þétt lífrænt lag [101] og í því fannst gjallmoli og kolasmit á tveimur stöðum. Ekki var talið að um eiginlegt gólflag væri að ræða. Undir því var rauðbrúnt malarkennt moldarlag [102] sem var ofan á óhreyfðu, grábrúnu sendu malarlagi [103] með stærri steinum (ca. 5x5 sm).

Prufuskurður 2

Jarðlög í prufuskurði 2

[104] Yfirborð gras, lyng og mosi.

[105] Rauðbrún sendin mold með smásteinum laus í sér.

[106] Torf, veggur.

[107] Torf, litríkt gulbrúnt með fjólubláum og ljósum lögum.

[108] Rauðbrún sendin mold með smásteinum mjúk og laus.

[109] Torf, svipað og í vegg [106] sennilega sig úr veggnum.


[110] Grábrúnt sendið malarlag.

[111] Torf.

[112] Grábrúnt sendið malarlag (sama og 306).

Sýni úr lagi [108]

1 Jarðvegssýni. Sjá staðsetningu á teikningu.



Prufuskurður 2 var tekinn þvert yfir vestari langhliðina 1x2,5 m inn í minna mannvirki vestan við sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli og er opið til suðurs. Yfirborð var gras, lyng og mosi [104] sem var gisið í mannvirkinu vestan við vegginn. Undir því vestast í skurðinum var rauðleitur jarðvegur, sendin mold með smásteinum [105]. Undir því var litríkt ljóst torf [107], gulbrúnt með fjólubláum linsum og leirljósum flekkjum. Undir því var rauðbrún sendin mold með smásteinum mjúk og laus í sér [108] sem tekið var sýni af (sýni #1). Neðst var óhreyft brúnt malarlag [112] samskonar og [110] austan við vegginn. Austan við það var torfveggur sem aðeins var tekið ofan af en var ekki tekinn niður. Undir yfirborði á honum [104] var torf [106], strengur, með rauðbrúnum jarðvegi neðst og undir því var annað torflag [111]. Austast undir yfirborði [104] var torf [109] svipað og í veggnum sennilega sig úr honum og undir því var brúnt malarlag [110] óhreyft.



Mynd 6. Könnunarskurður 2, horft í suður.

Samantekt

Hlutverk mannvirkisins er ekki hægt að álykta að svo stöddu og eru frekari rannsóknir nauðsynlegar til að komast að því hverskonar mannvirki þetta hefur verið. Viðbygging vestan við gæti hafa verið geymslustaður fyrir mýrarrauða þar sem í því var mikið af

rauðleikum sendnum jarðvegi sem var laus í sér. Ekki vannst tími til frekari könnunar á svæði A þetta árið en mikilvægt að rannsaka svæðið áður en það hverfur í trjágróður.

Auðkúla

Svæði B

Opnað var svæði þar sem komið hafði fram gjall í könnunarskurði árið 2013. Svæðið var 2 x 4 m að stærð. Uppgröftur leiddi í ljós kola og gjalllag [202] sem þakti allan skurðinn og kom í ljós strax undir grasrót á mestum hluta. Lagið samanstendur af gjall- og kolamolum af ýmsum stærðum og gerðum. Lagið var fíngerðara í efri hluta en þegar neðar dró komu í ljós stærri molar – bæði af gjalli og kolum. Nokkuð var af ljós gulbrúnum torflinsum í laginu, ásamt steinum. Á tveimur stöðum í laginu fundust ljósgráar skellur, sem er að öllum líkindum leir. Þessi samsetning bendir til þess að þarna séu mögulegar leifar af rauðablástursofnum á ferðinni, eða a.m.k efniviðurinn sem notaður var í gerð ofnanna. Mesta dýpt lagsins er um 32 cm og var um 2/3 hlutar lagsins sigtaðir í 3 mm sigti og gjallmolum safnað saman úr öllu laginu. Alls fengust 133.1 kg af gjalli, þar af voru 21.4 kg tekin í sýni til frekari greininga en þeir virðast vera af ólíkum toga.

Mögulega hefur efniviðurinn/mýrarrauðinn verið misgóður og/eða gjallið hefur myndast við mismunandi bræðsluhita eða stig járnvinnslnnar. Öllum gjallmolum var safnað saman á vettvangi og þeir vigtaðir, nema þeir allra minnstu sem féllu í gegnum sigtið.



Í norðaustur horni skurðarins *Mynd 7. Greinileg torflög í horni svæðisins þar sem stoðarholan var.*

var stoðarhola ásamt torfleifum í kring sem gæti bent til einhverskonar strúktúrs og væri gott að geta opnað svæðið lengra í þá átt í framtíðarrannsóknum.

Samantekt

Í skurðinum á svæði B fannst mikið og þykkt kola- og gjalllag sem þakti allan skurðinn en töluvert var af steinum og torflinsum, ásamt leir í laginu. Þessi samsetning og samhengi mannvistarleifa verða að teljast ummerki rauðablásturs, þrátt fyrir að enginn heill ofn hafi fundist. Greinilegar torfleifar eru á milli kola/gjalllaga í norðausturhorni

skurðar og þar fannst einnig stoðarhola. Mögulega kæmi í ljós einhverskonar strúktúr eða jafnvel veggur sé skurðurinn opnaður lengra í norður og austur.

Það sem kom í ljós í skurðinum líkar afar mikið til þeirra mannvistarleifa sem fundust á Skógum í Fnjóskadal, þrátt fyrir að vera mun minni um sig. Það er þó erfitt að segja á þessu stigi málsins hversu umfangsmikill rauðablástur hefur átt sér stað á Auðkúlu. Mikilvægt væri að opna fleiri svæði á staðnum til að átta sig á þessum umsvifum.



Mynd 8. Stoðarhola í mögulegum strúktúr.

Myndir af þróun uppgrافتar á járnvinnslusvæðinu



Mynd 9. Torf tekið af og þykkt lag af kolum og galli kemur í ljós.



Mynd 10. Mest af kolum og gjalli verið fjarlæggt. Steinar hugsanlega leifar af sundurteknum ofni.



Mynd 11. Torf undir gjalli og kolum. Fleiri steinar í suður end.a



Mynd 12. Torflag undir gjalli og kolum. Hefur verið lagt yfir svæðið áður.



Mynd 13. Mynd af sniði. Greinilegt hvornig lög af torfi hafa verið lögð á náttúrulegt lag og svo safnast gjall og kol við ofnaá við járnvinnsluna.



Mynd 14. Smá hluti þess gjalls sem grafið var og reyndist 133,1 kg.

Auðkúla

Svæði C

Könnunarskurður var tekin í rúst neðarlega á túninu. Um var að ræða upphækkun og sáust tvær hleðslur sem virtust í boga. Opnaður var skurður sem var 1 m á breidd og 6.5 m á lengd. Skurðurinn var staðsettur utan við aðra hleðsluna og inn í rústabunguna.

Efsta lagið var lyngmói og rætur [301] undir því var torflag [302] sem virtist vera lagt yfir svæðið. Lagið var kakóbrúnt með ljósari brúnni flekkjum en þetta er sami litur og var veggjum skálans og kom fram við könnunarskurð 2013. Skurður [303] (e.cut) skar torflagið. Þar við hliðina var annar skurður [306]. Sama fylling [305] var í báðum skurðum. Strax fór að vakna



grunur á að þarna væri um að ræða grafir. Um kvöldið var farið að skoða

Mynd 15. Hringlaga kirkjugarður sést vel á þessari mynd sem tekin er með dróna. Ljósmynd.Egill Ibsen.

myndir sem teknar höfðu verið með dróna nokkrum vikum áður. Á þeim myndum kemur nokkuð skýrt fram að um er að ræða hringlaga garðlag og inn í henni miðri er rúst sem líklega er bænhús. Skurður [303] er því gröf 1 og skurður [304] er gröf 2. Fyllingin í gröf 1 var sambland af mold og mól en efst í gröfinni var torflagið sem hún hafði verið stunginn í gegnum efst. Gröfin hafði verið tekin í gegnum torflag sem hafði verið lagt yfir allan kirkjugarðinn en þetta er mjög algengt í fyrstu kirkjugörðum⁵. Jarðvegurinn var mjög grófur jökulruðningur og var nokkuð laus í sér. Ekki fundust nein bein í gröfinni og ljóst að annað hvort hafa þau verið flutt eða eru horfin. Þegar rannsókn var gerð í kirkjugarðinum á Hrafnseyri árið 2012 fannst aðeins lítil hluti af höfuðkúpu í annarri gröfinni sem opnuð var þar og í hinni fannst aðeins glerungur tanna⁶. Sami jökulruðningur er í báðum kirkjugörðum og ljóst að beinavarðveisla er nær engin í þessum grófa jarðvegi. Gröf 1 sem var opnuð var 175 cm á lengd og 65 cm á breidd og þegar komið var niður á 55 cm var greftri hætt þar sem ljóst var að undir því var


⁵ Guðný Zoëga 2009:11

⁶ Margrét Hallmundsdóttir, Guðný Zoëga 2013:14

óraskaður jökulruðningur sem var mjög þéttur og botn grafar var náð. Neðst í gröfinni voru smá lífrænar leifar dökk fjólubláar að lit.


Þar sem ljóst var að varðveisluskilyrði beina var nær engin ákveðið að grafa gróf 2 ekki í botn.

Mjög skýrt sést á myndum teknum með dróna að kirkjugarðurinn er hringlaga. Ekki kom fram greinilegur kirkjugarðsveggur í skurðinum en þó mótaði fyrir leifum af vegg eða uppmokstri í skurðinum. Reiðleið hefur legið yfir svæðið síðar og hafa djúp för myndast á svæðinu og kirkjugarðsveggur traðkast niður á þessu svæði. Frá útmörkum hringins sem kemur fram í skurðinum og að torflaginu [302] er brunalag [306].



Aðeins virðist um smá lag að ræða eins og eldur hafi verið kveiktur þarna einu sinni.

Teikning 4. Teikning sem sýnir kirkjugarðinn, bænhúsið, könnunarskurðinn og grafir.



Teikning 5. Teikning af gröfunum. gróf 1 var sú eina sem var í



Mynd 16. Gröf 1 og sér móta fyrir gröf 2 við hliðina. Rauðu línurnar sýna hvernig gröfin var en hún var of tekin (e. overcut).



Mynd 17. Bænhús rústin, skýrasti veggurinn er við hlið mælistangar. Rústin er 3x3 m.

Auðkúla - Túlkun niðurstaðna

Rannsóknarspurningar sem lagt var upp með fyrir Auðkúlu sumarið 2015 voru að kanna umfang járnvinnslusvæðis og halda áfram að kanna eðli og umfang rústa á svæðinu.

Niðurstöður voru þær helstar að aðeins virðist vera um einn skála að ræða á þessu svæði. Það sem talið var skáli reyndist vera skurður sem grafin hefur verið og hugsanlega í tengslum við járnvinnslu og veggur þar við hliðina sem virðist vera frá húsi sem hefur hugsanlega tengst járnvinnslunni. Járnvinnsla hefur farið fram á Auðkúlu en opna þarf stærra svæði til að kanna umfang þeirrar vinnslu. Sumarið 2015 voru minjar á Auðkúlu myndaðar með öflugum dróna með hágæða myndavél. Gerður var könnunarskurður í rúst sem talið var að væri jarðhýsi. Fljótlega kom í ljós að þarna var um að ræða lítinn kirkjugarð og í miðju hans var bænhús. Varðveisla beina reyndist enginn í garðinum enda jökulruðningur. Ef rannsóknir árána 2013 og 2015 eru skoðaðar sem og myndir sem teknar voru með dróna sumarið 2015 er ljóst að á Auðkúlu var búið um árið 1000 enda líklegt að kirkjugarðurinn sé frá fyrstu 100 árum kristni á Íslandi. Á svæðinu er skáli, hringlaga kirkjugarður og jarðhýsi auk þess eru fleiri byggingar í túninu t.a.m. rúst sem að öllum líkindum er fjós og túngarður. Ofan við byggingarnar er svo járnvinnslusvæðið. Uppgröftur á skála, jarðhýsi og útihúsum myndi að öllum líkindum ekki bæta við þá þekkingu sem við höfum af byggingum frá þessum tíma. Hinsvegar er athyglisvert að skoða frekar járnvinnslusvæðið og rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sem virðist líkjast mjög þeim kirkjugörðum og bænhúsum sem er verið að rannsaka í Skagafirði í Skagfirsku kirkjurannsókninni og eru frá fyrstu 100 árum í kristni. Rannsókn á bænhúsinu og kirkjugarðinum myndi útvíkka þá rannsókn sem hefur bætt mikið við þekkingu okkar á fyrstu skrefum Íslendinga í kristinni trú. Þar sem varðveisluskilyrði beina eru slök er ekkert unnið með því að opna fleiri grafir í kirkjugarðinum en forvitnilegt að rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sjálfan og setja í samhengi við niðurstöður Skagfirsku Kirkjurannsóknarinnar.

Arnarfjörður á miðöldum – framhald rannsókna

Rannsóknin undanfarin ár hefur leitt í ljós merkilegar niðurstöður um upphaf byggðar í Arnarfirði. En rannsóknin hefur jafnframt kallað á enn fleiri rannsóknarspurningar sem spennandi er að svara. Er möguleiki að veggir sem fundust í könnunarskurði við Undirgöng séu göng frá Sturlungaöld? Var járn og kolavinnsla á öllum bæjum í Arnarfirði

á landnámsöld? Hversu mikilvæg og hve stór þáttur var járnvinnsla á þessum tíma fyrir fólkið? Er bænhúsið úr frumkristni eins og samhengi annarra minja á svæðinu benda til? Ótal spurningar vakna. Fyrirhugað er að leita svara við þessum spurningum og halda áfram rannsóknum á völdum stöðum á Auðkúlu og Hrafnseyri. Einnig er fyrirhugað að skoða örnefni og útvíkka rannsóknina með rannsóknum og skráningu á minjum í Arnarfirði.

Á næstu árum verða göng frá Arnarfirði yfir í Dýrafjörð opnuð og þar með hverfur umferð inn Arnarfjörðinn og Hrafnseyri fer úr alfaraleið. Því er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustu og Hrafnseyri sem menningarseturs að rannsóknir haldi áfram. Arnarfjörður á mikla sögu sem mikilvægt er að gera skil og koma í veg fyrir að þetta forna höfuðból sem á svo sterkar rætur í íslenskri þjóðmenningu, bæði sem stórbýli á Sturlungaöld og fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar standi ekki autt og gesta laust. Rannsóknirnar *Arnarfjörður á miðöldum* eru því mikilvægar, bæði til að auka þekkingu okkar á sögu Arnarfjarðar, upphafi og þróun byggðar og til að vera lyftistöng fyrir menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Efniviður rannsókna er nægur og mikilvægt að halda þeim áfram.

Heimildaskrá

Böðvar Bjarnason 1961. *Hrafnseyri*. Bókaútgáfa menningasjóðs og Þjóðvinafélasins. Reykjavík

Margrét Hallmundsdóttir, Guðný Zoëga 2013. Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framvinduskýrsla!. Náttúrustofna Vestfjarða NV nr. 14-13

Guðný Zoëga, 2009. Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2009. Byggðasafn Skagfirðinga: Rannsóknarskýrslur: 95

Þór Hjaltalín. 1999 Keldur á Rangárvöllum. Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumótun á viðgerð bæjarins. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafnsins.

Viðaukar

Einingaskrá

Hrafnseyri 2015 Svæði H	Númer lags	Gerð	Lýsing
	301	lag	Yfirborðslag, Að mestu leyti rætur af grasi og mold
	302	lag	Svart kolalag
	303	Skurður (e.cut)	Kolagröf
	305	lag	fylling í kolagröf Torflag sem notað var til að loka og fylla kolagröfina
	312	Lag	Grjótlag sem notað var sem uppfylling í kolagröf. Ýmsar stærðir af grjóti og einstaka gjallmoli
	306	lag	Kolalag. Kolasalli með litlum kolamolum og bruna eftir kolinn sem gerð voru í kolagröfinni
	307	Lag	Torflinsa
	308	lag	Rauðleitt hart malarkennt lag sem líklega er mold sem hefur umbreytt við hitan í gröfinni
	309	lag	Óhreif
	310	Lag	Litið kolalag í [305] (Linsa)

**Hrafnseyri
2015 Svæði G**

	601	lag	Yfirborðslag. Aðallega rætur
	602	lag	Brúnleitt lag með mikið af rusli í. Kolum og beinum. Líklega gamalt ruslslag

603	lag	Ruslslag mikið af kolum og beinum. Nokkuð gróft og malarkennt
604	lag	Torf. Líklega veggur
605	Lag	Grjóthleðsla undir vegg
606	lag	Óhreifit rauðleitt malarlag
607	Lag	Torf
608	lag	Grjóthleðsla líklega partur af vegg

Auðkúla 2015

Svæði A

Skurður 1

100	lag	Yfirborð gras, lyng og mosi.
101	lag	Dökkbrúnt þétt lífrænt lag í því fannst gjallmoli og kolasmít á tveimur stöðum.
102	lag	Rauðbrúnt malarkennt moldarlag.
103	lag	Óhreyft. Grábrúnt sendið malarlag með stærri steinum (ca. 5x5 sm).

Skurður 2

104	Lag	Yfirborð lyng og mosi. gras,
105	Lag	Rauðbrún sendin mold með smásteinum laus í sér.
106	Lag	Torf, veggur.
107	Lag	Torf, litríkt gulbrúnt með fjólubláum og ljósum lögum.
108	Lag	Torf, litríkt gulbrúnt með fjólubláum og ljósum lögum
109	Lag	Torf, svipað og í vegg [106] sennilega sig úr

			veggnum.
110	Lag		Grábrúnt sendið malarlag
111	Lag		Torf
112	Lag		Grábrúnt sendið malarlag (sama og 306).
Auðkúla 2015			
Svæði B			
201	Lag		Torfblönduð mold. Gulbrún
202	Lag		Gjall og kolalag sem þekur allan skurðinn. Gjall og kolamolar í ýmsum stærðum og gerðum
203	Lag		Fylling í stoðarholu. Gjall og kol líklega[203]hefur fallið ofan í holuna þegar stoðin er fjarlægð
204	Skurður (e.cut)		Stoðarhola
205	Lag		Torflag sem stoðarhola er skorin í. Lagið heldur áfram til norð austurs í sniði .
206	Lag		Ljós gulbrúnt torflag sem lág undir í skurðinum.
Auðkúla 2015			
Svæði C			
301	Lag		Yfirborð rætur og lyngmói
302	Lag		Torflag sem lagt er yfir kirkjugarðinn
303	Gröf 1		Engin bein
304	Gröf 2		Ekki grafin í botn
305	Lag		Svart brunalag
306	Gröf 3		Ekki grafin
307	Lag		Torf líklega úr kirkjugarðsvegg

Gripaskrá Hrafnseyri


Hrafnseyri	Málmhlutur	2015-35-1	5.7.2015	Lausafundur	
Hrafnseyri	Brýnisbrot	2015-35-2	7.7.2015	Lausafundur	
Hrafnseyri	Tinna	2015-35-3	7.7.2015	Lausafundur	
Hrafnseyri	Krítarpípa	2015-35-4	8.6.2015	Lausafundur	
Hrafnseyri	Blýbrot	2015-35-5	29.6.2015	Lausafundur	

Sýnaskrá


Staður	Svæði	Sýnanr.	Jarðlag	Lýsing
Auðkúla	B	1	202	Jarðvegssýni, magn: 4l.
Auðkúla	B	2	202	Leir.
Auðkúla	B	3	202	Kol, 2.8 kg.
Auðkúla	B	4	202	Gjall, 3 fötur, alls 21.4 kg.

Flæðirit (Harris Matrix)

Svæði A



Teikning 6. könnunarskurður 1.



Teikning 7. könnunarskurður 2.

Auðkúla svæði B

Jarðlög [201], [203], [204] og [205] eru öll staðsett í norðausturhluta skurðar og aðeins jarðlög [202] og [206] ná yfir allan eða mesta hluta skurðar.

